



Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Leynis Starfsárið 2013

Aðalfundur 3. desember 2013

Fjöldi starfsmanna Golfklúbbsins Leynis sumarið 2013 var:

12

1965

Golfklúbburinn Leynir stofnaður af 22 skagamönnum.

Golf er lífstíll

2015

Golfklúbburinn Leynir verður 50 ára.

60

Garðavöllur er um hektarar.

1996

Uppbygging hófst á 18 holu golfvelli.

17.700

Kylfingar spiluðu Garðavöll árið 2013.

2000

Garðavöllur vígður sem 18 holu gölfvöllur.

Félagsmenn í Golfklúbbum Leyni eru:

405

Golfárið 2013 var 48. starfsár Golfklúbbsins Leynis.


Golfsumarið 2013 er töluvert frábrugðið undanförunum sumrum þar sem GL tók á ný við rekstri Garðavallar af GR sem rekið hafði völlinn í fimm ár.

Skráðir spilaðir hringir 2013 voru færri á Garðavelli samanborið við árið áður og var ástand Garðavallar gott í sumar þrátt fyrir slæmt veðurfar og mikla vætu.

Það sem stóð upp úr varðandi undangengið golfsumar var góður árangur Valdísar Þóru í keppni sem og að hún gerðist atvinnumaður í íþróttinni og mun hún nú í desember leika í Marokkó á úrtökumóti fyrir Evrópumótaröð kvenna. Einnig ber að nefna að bæði karla- og kvennalið Leynis stóðu sig vel í sveitakeppni GSÍ og unnu sér þátttökurétt í 1. deild að ári en kvennasveitin var Íslandsmeistari í 2. deild meðan karlasveitin hafnaði í 2. sæti.

Rekstur klúbbsins var mun umfangsmeiri en árin á undan vegna yfirtöku klúbbsins á rekstri Garðavallar á nýjan leik og einnig var rekstur veitingasölu í höndum klúbbsins. Rekstrarniðurstaða klúbbsins er umfram væntingar, fjármögnun klúbbsins er í góðu horfi og vel viðráðanleg. Stjórn GL réð Guðmund Sigvaldason sem framkvæmdastjóra Leynis í marsmánuði og er það ekki síst honum að þakka hversu vel reksturinn gekk á liðnu starfsári. Klúbburinn gerði framkvæmdasamning um vélaskemmu við Akraneskaupstað til þriggja ára og tryggir samningurinn klúbbum fjármagn til að klára vélaskemmuna.

Í töflunni hér að neðan sést skipting á milli skráðra hringja einstaklinga á Garðavelli árið 2013 og til samanburðar er árið 2012, ekki eru taldir með spilaðir hringir í mótum.



Í eftirfarandi greinargerð ársins 2013 er starfssemi klúbbsins gerð skil. Þá eru skýrslur starfandi nefnda hjálagðar.

Aðalfundur 27. nóvember 2012

Á aðalfundi GL þann 27. nóvember 2012 var kosin ný stjórn fyrir starfsárið 2013.

Úr stjórn gengu :

- Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson
- Stjórnarmenn til tveggja ára: Hörður Jóhannesson og Tryggvi Bjarnason
- Varamaður til eins árs: Ella María Gunnarsdóttir

Kosnir í nýja stjórn fyrir starfsárið 2013 voru:

- Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson
- Stjórnarmenn til tveggja ára: Hörður Jóhannesson og Tryggvi Bjarnason
- Varamaður í stjórn til eins árs: Ella María Gunnarsdóttir

Áfram sátu Eiríkur Jónsson og Hannes Marinó Ellertsson, kosnir til 2 ára.

Aðalfundur fór fram með hefðbundnum hætti.

Starf stjórnar á árinu

Haldnir voru 15 formlegir bókfærðir fundir stjórnar GL og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli. Eins eru tölvupóstsendingar mikið notaðar til skrafs og ráðagerða.

Framan af rekstrarárinu fór mikill tími stjórnar í að undirbúa klúbbinn undir breytt rekstrarform frá árunum á undan, þar á meðal í ráðningu framkvæmdastjóra. Um starfið sóttu 27 einstaklingar og varð niðurstaðan sú eins og fyrr sagði að Guðmundur Sigvaldason var ráðinn.

Framkvæmdir við vélaskemmu héldu áfram síðastliðinn vetur og gengu framkvæmdir það vel að hægt var að nýta bygginguna í sumar. Vélaskemman er í dag nokkuð langt komin þó enn eigi eftir að framkvæma töluvert, þar á meðal reisa milliveggi og uppsetning salernisaðstöðu. Mikið sjálfboðaliðastarf var unnið í tengslum við skemmuna og er stjórn GL er gríðarlega ánægð og stolt af því hversu vel félagsmenn hafa tekið þátt í framkvæmdinni.

Eftir töluverðar viðræður var á vormánuðum undirritaður þriggja ára framkvæmdasamningur við Akraneskaupstað um fjárhagslega aðkomu bæjarins að vélarskemmunni. Niðurstaðan var 8 milljón krónu árlegt framlag bæjarins til þriggja ára.

Í kjölfar viðhorfskönnunar og félagsfundar sem haldinn var í svokölluðum þjóðfundarstíl á haustmánuðum 2012 komu fram heilmargar tillögur og hugmyndir frá félagsmönnum um hvernig bæta mætti meðal annars félagsaðstöðuna, Garðavöll og almennt félagsstarf GL. Stjórnin setti af stað ýmis verkefni sem tengjast þessum hugmyndum og er hún enn að vinna að ýmsum hugmyndum sem komu fram í þessari vinnu.

Það er mat stjórnar að þetta form af samtali félagsmanna og stjórnar sé til bóta og hafi það sýnt að góðir hlutir hafi þróast út frá þeim hugmyndum og skoðunum sem fram hafa komið.

Fyrirhugað er að leggja í vetur fyrir félagsmenn álíka viðhorfskönnun og gerð var á árinu 2012.

Nú er lokið þessu fyrsta rekstrarári þar sem GL um nokkurt árabil sér um rekstur á öllu því sem við kemur félagsstarfinu, Garðavelli og veitingasölu. Eins og fram kom í ársskýrslu 2012 óttaðist stjórn GL ekki að taka við rekstrinum á nýjan leik þar sem stjórnin fann fyrir miklum krafti og áhuga hjá félagsmönnum klúbbsins. Þetta mat okkar árið 2012 hefur algerlega staðist. Nánast hvar sem borið er niður í starfi klúbbsins hafa félagsmenn verið boðnir og búnir til að leggja hönd á plóg og fyrir það bera að þakka. Golfklúbburinn Leynir er öfundsverður af jafn öflugum hópi félagsmanna.

Störf nefnda

Nefndastarf var með hefðbundnum hætti starfsárið 2013. Starfandi nefndir voru barna- og unglinganefnd, kvennanefnd, vallarnefnd, forgjafanefnd, aganefnd, öldunganefnd karla og mótanefnd. Nánar er fjallað um starfsemi hvorrar nefndar í hjálögðum skýrslum.

Keppnisgolf og afreksfólk

Valdís Þóra kom seinna heim til Íslands úr námi þetta sumarið eins og 2012. Hún lék vel í þeim mótum sem hún tók þátt í. Mjög litlu mátti muna að Valdísi tækist að verja Íslandsmeistaratitil sinn í högggleik þegar mótið var haldið á Korpúlfsstöðum. Valdís Þóra gerðist atvinnumaður í golfíþróttinni á haustmánuðum 2013 og mun hún núna í desember mánuði leika í Marokkó á úrtökumóti fyrir Evrópumótaröð kvenna. Spennandi verður að fylgjast með henni á nýjum vettvangi atvinnukylfinga.

Barna- og unglingastarf GL var með um 10 virka iðkendur í afreksefnastarfinu. Tóku iðkendur GL þátt í hinum ýmsu mótum á vegum GSÍ s.s. Eimskipsmótaröðinni, Íslandsbankamótaröðinni, Áskorendamótaröðinni, Íslandsmóti í högggleik, Íslandsmóti í holukeppni og sveitakeppni unglinga. Var árangur með ágætum þegar á heildina er litið.


GL sendi sveit karla og kvenna til leiks í Sveitakeppni GSÍ. Karlarnir léku í 2. deild sem fram fór Vestmannaeyjum og vann sveitin sér þátttökurétt í 1. deild að ári. Konurnar léku í 2. deild í Stykkishólmi og vann kvennasveitin 2. deildina og vann sér um leið þátttökurétt í 1. deild að ári.

Leynir sendi karlasveit öldunga til þátttöku í sveitakeppni 55 ára og eldri en keppt var í Öndverðarnesi. Sveitinni gekk mjög vel og endaði í 3ja sæti keppinnar.


Félagafjöldi

Félagsmönnum í GL fjölgaði á árinu 2013 úr 382 í 405. Golfklúbburinn Leynir er 11. stærsti klúbbur landsins miðað við félagafjölda samkvæmt upplýsingum GSÍ. Á Vesturlandi eru 9 klúbbar með heildarfjölda félagsmanna 1011, og er GL stærsti klúbbur Vesturlands með rúmlega þriðjung félagsmanna skráða innan sinna vébanda. Alls eru 65 klúbbar skráðir á landinu og heildar fjöldi skráðra félaga innan vébanda GSÍ eru 16.602. Fjórir stærstu klúbbar landsins hafa frá 1.100 félagsmönnum og upp í tæplega 3.000, þar sem GR er stærsti klúbbur landsins.


Hér að neðan sést skipting félagsmanna GL niður á flokka eftir innheimtu árgjalda.




Skipting félagsmanna niður í aldurshópa er nokkuð í takt við aldursskiptingu kylfinga á landsvísu, þó eru heldur færri kylfingar 51 árs og eldri innra raða GL heldur en á landsvísu og á móti eru fleiri kylfingar í aldurshópnum undir 20 ára innan raða GL. Að sama skapi er áhyggjuefni að félagsmönnum á aldursbilinu 21-30 ára fjölgaði ekki nema um 2% milli ára og að fækkun varð í aldurshópnum 11 -20 ára um 2%.



Skipting félagsmanna í konur, karla og unglinga er eftirfarandi. Hlutfall kvenna stendur í stað milli ára í 19% félagsmanna, meðan aukning er meðal barna og unglinga 18 ára og yngri sem er jákvætt þegar horft er til framtíðar. Að sama skapi fækkar lítillega í félagafjölda meðal karla 19 ára og eldri.




Í töflunni hér að neðan sést hvernig félagsmenn skiptast niður á mismunandi forgjafarflokka, niðurstöðurnar eru í takt við almenna skiptingu á landsvísu í samanburði við upplýsingar frá GSÍ.



Mótahald

Mótahald gekk mjög vel sumarið 2013 og var starf mótanefndar þetta árið sem hingað til, til mikillar fyrirmyndar. Fjölgað var í mótanefnd fyrir tímabilið til að mæta fyrirsjáanlegu auknu álagi. Fjöldi móta í sumar voru 54 og voru mótin vel sótt af félagsmönnum og öðrum gestum en mótin sóttu um 2350 manns. Mótahaldið var fjölbreytt blanda af innanfélagsmótum, barna- og unglingamótum, kvennamótum og opnum mótum.



Meistaramót Leynis var haldið dagana 10. – 13. júlí. Þátttakan var góð og tóku 107 félagsmenn þátt ásamt fjölda barna og unglinga í meistaramóti yngri kylfinga. Lokahóf mótsins var síðan haldið í sal Íþróttabandalagsins að Jaðarsbökkum eins og árin á undan og bornar voru fram veitingar frá Galito. Klúbbmeistarar urðu eftirfarandi:

Meistaraflokkur karla

1. Stefán Orri Ólafsson, 310 högg
2. Kristvin Bjarnason, 313 högg
3. Hannes Marinó Ellertsson, 321 högg

1.flokkur karla

1. Guðmundur Sigurbjörnsson, 315 högg
2. Alexander Högnason, 317 högg
3. Friðrik Berg Sigþórsson, 319 högg

2.flokkur karla

1. Hreiðar Henning Guðmundsson, 349 högg
2. Arnar Jónsson, 351 högg
3. Davíð Örn Gunnarsson, 352 högg

3.flokkur karla

1. Ísak Darri Þorsteinsson, 358 högg
2. Sigurður Magnús Skúlason, 388 högg
3. Jóhannes Finnur Halldórsson/Sveinbjörn Rögnvaldsson, 399 högg

4.flokkur karla

1. Elínbergur Sveinsson, 427 högg
2. Magnús Daníel Brandsson, 484 högg
3. Einar Brandsson, 485 högg

Karlar 55+

1. Sigurður Grétar Davíðsson, 272 högg
2. Þórður Elíasson, 273 högg
3. Hörður Kári Jóhannesson, 279 högg

Karlar 70+

1. Jóhannes Karl Engilbertsson, 306 högg
2. Halldór Friðgeir Jónsson, 327 högg

Meistaraflokkur kvenna

1. Friðmey Jónsdóttir, 358 högg

1.flokkur kvenna

1. Elín Dröfn Valsdóttir, 374 högg
2. Hildur Magnúsdóttir, 388 högg

2.flokkur kvenna

1. María Björg Sveinsdóttir, 395 högg
2. Svandís Rögnvaldsdóttir, 416 högg

Konur 50+

1. Sigríður E. Blumenstein, 307 högg
2. Þórunna Halldórsdóttir, 320 högg
3. Ingunn Ríkhardsdóttir, 322 högg

15 ára og yngri

1. Hilmar Halldórsson, 266 högg
2. Helgi Rafn Rafnkelsson, 298 högg
3. Björn Viktor Viktorsson, 299 högg

12 ára og yngri

1. Gunnar Davíð Einarsson
2. Hreimur Óskar Karlsson
3. Ingimar Elfar Ágústsson

Mótahaldið í sumar þótti takast afar vel í alla staði og á mótanefnd miklar þakkir skilið fyrir frábærlega vel unnin störf í sumar.

Framkvæmdir á árinu 2013

Lítið var um stórfamkvæmdir á vellinum sjálfum á árinu í ljósi þess að ákveðið var að stíga varlega til jarðar með framkvæmdir á meðan klúbburinn væri að átta sig á nýrri stöðu mála með reksturinn.

Nokkrar breytingar voru gerðar á sandgryfjum víðsvegar um völlinn og þóttu þær framkvæmdir koma vel út. Stærstur hluti þessara breytinga var unnin af félagsmönnum í sjálfboðavinnu.

Síðastliðinn vetur unnu nokkrir klúbbmeðlimir í því að pússa upp og bera á alla bekki og brautarmerki vallarins og gerðu sem nýtt.

Rekstur Golfklúbbsins Leynis árið 2013

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarreikningur GL tekur stakkaskiptum frá árinu 2012 og er umfang rekstrarins orðið miklu mun meira en áður. Rekstrartekjur aukast um 86% og rekstrargjöld um 157%. Rekstrarafkoma klúbbsins er með ágætum eftir rekstrarárið og er rekstrarhagnaður uppá 15,8 milljónir króna. Rekstrartekjur voru 66,7 milljónir króna eða 25% umfram áætlun. Rekstrargjöld voru hins vegar 51,4 milljónir króna eða 2% umfram áætlun.

Þegar heildar niðurstaða ársins 2013 er skoðuð þá er reiknaður hagnaður ársins 2,9 milljónir króna. Efnahagur klúbbsins er í góðu jafnvægi við lok þessa rekstrarárs og stendur langtímalán klúbbsins nú í 15,1 milljón króna og eru um rúm 3 ár eftir af því láni. Á móti stendur handbært fé klúbbsins í 16 milljón krónum á sama tíma. Fyrningar nema 10,7 milljónum króna og samanstendur það að stærstum hluta af afskriftum mannvirkja, véla og eignfærðum framkvæmdum golfvallar undanfarinna ára.

Staða klúbbsins eftir rekstrarárið 2013 er sterk, bæði hvað varðar rekstrarforsendur sem og efnahag. Sú meðvitaða ákvörðun um að stíga varlega til jarðar í rekstri klúbbsins á þessu fyrsta rekstrarári sem klúbburinn sér um rekstur allra þátta hans hefur borgað sig. Þátttaka félagsmanna í framkvæmdum og rekstri klúbbsins hefur sparað klúbbum mikil útgjöld og haft mikil áhrif á að afkoman er jákvæð.

Starfsmannamál

Starfsmenn GL á árinu 2013 voru 12 þegar mest lét yfir sumartímann. Guðmundur Sigvaldason framkvæmdarstjóri er eini launþegi klúbbsins á heils árs grundvelli, Karl Ómar Karlsson íþróttastjóri og golfkennari sinnti barna- og unglingastarfinu innan klúbbsins eins og undanfarin ár. Hann starfaði frá apríl fram undir lok tímabilsins 2013. Einnig störfuðu við völlinn hópur unglinga úr unglingavinnu Akraneskaupstaðar eins og verið hefur undanfarin ár. Samið var við Grastec, félag í eigu Brynjars Sæmundssonar, um faglega umsjón umhirðu Garðavallar og framkvæmda við hann.

Veitingasala

Stjórn GL tók ákvörðun um að klúbburinn myndi reka veitingasöluna eftir að þessum þætti hafi verið úthýst um margra ára hríð. Kristín Magnúsdóttir var fengin til að sjá um veitingasöluna ásamt þremur vöskum stúlkum sem aðstoðuðu hana við að gera þjónustuna sem besta. Vel tókst til með rekstur veitingasölnnar og almenn ánægja var með þjónustuna og vöruframboðið.


Samningar við aðra golfklúbba

GL gerði í sumar vinavallasamninga við valda golfklúbba sem félagsmenn gátu nýtt sér á ferðum sínum um landið. Samningarnir innihéldu afslætti af vallargjöldum og voru við golfklúbbana GBR, GKJ, GB, GHR, GMS, GHG, GOS, GKB, GA og GVG.

Umferð um Garðavöll

Skráðir hringir voru færri í sumar samanborið við árið 2012 ef tekið er mið af skráningu frá mai til loka september. Leiknir voru 15.354 hringir skv. skráðum rástímum og 2.350 mótahringir. Samtals gerir þetta 17.704 hringir. Rekja má ástæðu þessara breytinga á umferð um Garðavöll og skráðum hringjum til þess að GL tók aftur við rekstri vallarins og það orsakaði fækkun á spiluðum hringjum hjá félagsmönnum GR, Garðavöllur opnaði 2 vikum síðar en árið áður og síðast en ekki síst var veðurfarið ekki hagstætt kylfingum sökum vætutíðar.

Fjöldi spilaðra hringja á Garðavelli undanfarin sumur skv. skráningum:



Hringir GL félaga voru skráðir 7.369 og er það fjölgun um tæplega 500 hringi frá árinu áður. Að meðtöldum hringjum í GL mótum spiluðu GL félagar alls um 9.700 hringi á Garðavelli.

Hér að neðan er listi yfir 10 félagsmenn sem eru með flestar skráðar komur á Garðavöll á tímabilinu janúar til október 2013. Það er virkilega gaman að sjá þessar tölur og sjá hvað margir félagsmenn voru duglegir að spila Garðavöll og ekki síður ef tölurnar eru settar í samhengi við veðurfar sem var kylfingum frekar óhagstætt í sumar.

GL félagar með flesta skráða hringi

Nafn	Hringir	Sæti
Bjarni Borgar Jóhannsson	78	1
Edda Elíasdóttir	76	2
Júlíus Pétur Ingólfsson	73	3
Alfreð Viktorsson	71	4-5
Karl Svanhólm Þórðarson	71	4-5
Jóhannes Karl Engilbertsson	68	6
Gestur Sveinbjörnsson	63	7-8
Guðmundur Valdimarsson	63	7-8
Eiríkur Hervarsson	53	9-10
Janus Bragi Sigurbjörnsson	53	9-10
Sigríður V Gunnarsdóttir	53	9-10

Samskipti við Akraneskaupstað

Áframhald var á góðu samstarfi milli Akraneskaupstaðar og klúbbsins á árinu eins og undanfarin ár. Undirritaður var samningur um frágang vélaskemmu á þessu rekstrarári. Sá samningur tryggir að mögulegt er að klára bygginguna innandyr. Sá stuðningur sem Akraneskaupstaður hefur veitt klúbbum í gegnum tíðina er gríðarlega mikilvægur fyrir klúbbinn til frambúðar.

Styrktaraðilar

Rekstur golfklúbbs er mikið og stórt verkefni og án dyggra félagsmanna, stuðningsaðila og stuðnings velgjörðaaðila væri reksturinn erfiður í alla staði.

Aðal styrktaraðili klúbbsins líkt og undanfarin ár er Akraneskaupstaður og hefur GL treyst á aðkomu hans að rekstri klúbbsins og Garðavallar sem og þátttöku í ýmsum framkvæmdum s.s nýrri vélaskemmu.

Almennur rekstur klúbbsins hefur notið góðs af mörgum góðum styrktaraðilum og ber þar fyrst að nefna Norðurál sem er einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins en skorkort, teighattar, fánar á flötum og brautarskilti er merkt fyrirtækinu.

Landsbankinn er líkt og undanfarinn ár einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins og styrkir mótahald félagsmanna, opið mót og er aðal styrktaraðili barna og unglingastarfsins en aðrir aðilar eins og Íslandsbanki leggja einnig til fjármagn í tengslum við barna og unglingastarfið.

Aðrir megin styrktaraðilar sem að starfinu koma eru fjölmargir samanber eftirfarandi upptalningu:

- | | |
|-------------------------|-----------------------------|
| - Bernhard | - Bílver |
| - Sjóvá | - GrasTec |
| - Húasmiðjan | - Verkalýðsfélag Akranes |
| - N1 | - Verslunin Bjarg |
| - Síminn | - Úra- og skartgripaverslun |
| - Terma ehf | Guðmundar B.Hannah |
| - Kjaran | - Omnis |
| - Ölgerðin | - Topp Útlit |
| - HB Grandi | - Prentmet |
| - Samhentir/Vörumerking | - Mannvit |
| - Reykjafell | - BM Vallá |
| - Ískraft | - Rafþjónusta Sigurdórs |

Einnig eru ótaldir fjölmargir smærri styrktaraðilar og velunnarar Golfklúbbsins Leynis sem styðja við starfið á einn eða annan máta. Stjórn GL vill ítreka sínar þakkir við þann stuðning sem þessir aðilar sem og fjölmargir hafa veitt klúbbum á árinu og undanfarin ár.

Lokaorð

48. rekstrarári golfklúbbsins Leynis er nú lokið. Segja má að nýtt tímabil í rekstrarsögu klúbbsins hafi hafist á árinu 2013. Rekstur allra þátta klúbbsins er nú á hendi GL á nýjan leik eftir 5 ára hlé. Óhætt er að segja að vel hafi til tekist á árinu, rekstrarniðurstaða góð, efnahagur klúbbsins í góðu jafnvægi og félagsstarfið í miklum blóma. En mikill vill meira eins og stendur einhversstaðar. Við getum enn bætt Garðavöllum, við getum áfram bætt félagsstarf Leynis og við getum bætt félagsaðstöðu okkar. Við viljum skapa þannig umgjörð og aðstöðu að Golfklúbburinn Leynir blómstri áfram og félagsmenn fái notið sem best þeirra lífsgæða sem í golfi felast.

Á nýfstöðnu Golfþingi GSÍ var samþykkt stefna sambandsins til næstu sjö ára. Hornsteinn þeirrar stefnu kristallast í yfirskriftinni að golf sé lífsgæði.

Golf er lífsgæði

Golf er íþrótt sem sameinar útivist, heilbrigði, félagsskap og fjölskylduna. Golfíþróttin er heilsubætandi og hefur jákvæð samfélagsáhrif. *(tekið úr nýsamþykktari stefnu Golfsambands Íslands)*

Hvað er það sem til þarf þannig að hægt sé bjóða uppá þau lífsgæði sem golf er?

Golfvöll – 9 holur, 18 holur, góður, þokkalegur eða framúrskarandi. Ágætt er að hafa það í huga að oft hefur það verið nefnt að þegar góður golfvöllur er byggður upp frá grunni kosti hver hola um það bil 15 milljónir.

Golfklúbb – Golfklúbbar eru mismunandi að fjölda, félagsaðstaða er mismunandi, félagsstarf klúbba skapar félagsandann. Á vegum klúbbanna er venjulega umgjörð í kringum barna-, unglinga- og afreksstarf. Umgjörð utan um móttöku nýliða í félagsstarfið m.a. með því að bjóða uppá kennslu sérmentaðra kennara.

Það að stofnsetja golfklúbb er ekki flókni hlutinn í þessari jöfnu, það að byggja upp golfvöll og viðhalda honum er hins vegar flókni hlutinn og sá sem útheimtir mikið fjármagn, ef vel á að vera. Það er krafa félagsmanna að boðið sé upp á eins góðan golfvöll og kostur er.

Hverjir hafa ekki farið um og leikið golf á öðrum völlum, innanlands sem erlendis. Meðal þess sem leikmaðurinn spáir í er hvernig var golfið, hvernig var völlurinn, og þá grínin fyrst og fremst og svo önnur atriði þar á eftir. Velta einhverjir því fyrir sér þegar þeir leika sem gestir á öðrum völlum hver tilurð vallarins er, hvernig staðið sé að rekstri þessa klúbbs, hvernig er hann fjármagnaður, hver á völlinn og hver ber ábyrgð á honum. Ég held að fáir spái í því, gestir á völlum (eins og við félagsmenn) viljum bara getað spilað golfvöll í eins góðu ásigkomulagi og mögulegt er hvernig sem því markmiði er náð.

Hægt er að ganga út frá því að golfklúbbar sem hafa mikinn fjölda félagsmanna, sterka fjárhagsstöðu, öfluga félagsmenn og góðan stuðning opinberra aðila (í það minnsta eitt af þessum atriðum) séu betur í stakk búnir til að bjóða uppá bestu golfvöllina, bestu aðstöðuna og geta því um leið státað af mikilli umferð golfara og hlotið upphefð vegna gæði vallarins.

Golfklúbburinn Leynir býður uppá og hefur boðið uppá Garðavöllum sem án efa er einn af fimm bestu golfvöllum landsins. Garðavöllur var tilnefndur þriðji besti völlur landsins af erlendu fagtimariti fyrir ekki löngu síðan. Garðavöllur er eitt mesta aðdráttarafl bæjarfélagsins fyrir fólk sem kemur til Akraness til þess að stunda einhverja afþreyingu.

Golfklúbburinn Leynir hefur alið af sér eitt hæsta hlutfall afrekskyfinga sem skarað hafa framúr í íslensku golfi á undanförunum 20 árum og hafa utanaðkomandi spurt sig hvernig í ósköpunum fara þeir að þessu þarna uppi á Skaga.

Svarið við þessum atriðum öllum er margþætt, en reynum að svara því hvernig svona lítill klúbbur hefur getað boðið uppá jafn góðan golfvöll og raun ber vitni. Fyrir okkur er svarið einfalt. Við höfum ekki mikinn fjölda félagsmanna og þar af leiðandi höfum ekki haft möguleika til að skapa mikla fjármuni til að byggja upp góðan völl. Við höfum hins vegar í okkar röðum frábæra félaga sem eru tilbúnir til þess að vinna fyrir klúbbinn eins og þeir væru að vinna fyrir sjálfa sig. Það er ómetanlegur fjársjóður sem ber að varðveita eins og fjöregg. Gjaldahlið rekstrarreiknings Golfklúbbsins Leynis væri mikið mun hærri ef gjaldfærðir væru allir þeir klukkutímar sem félagsmenn hafa fórnað í vinnu fyrir klúbbinn og afkoman eftir því. Með aðkomu félagsmanna í hin ýmsu verkefni skapast aukið rými til þess að halda áfram að byggja upp og bæta okkar aðstöðu, völl og félagslíf. Þrátt fyrir að á háannatíma eins og um mitt sumar séu einungis 12 starfsmenn á launaskrá er með sannni hægt að segja að daglega séu um 70 mættir til starfa. Það er þyngdarinnar virði í gulli.

Við erum alin upp við það sem félagsmenn í Leyni að klúbburinn, við félagsmenn, sjái að stærstum hluta um rekstur og uppbyggingu íþróttamannvirkjanna sem við notum við iðkun okkar íþróttar. Aðstöðumunurinn sem er gagnvart öðrum íþróttargreinum er óumdeildur, í það minnsta að mati okkar kylfinganna. Hvað varðar okkur í Golfklúbbum Leyni þá höfum við í árána rás notið ágættrar aðstöðar Akraneskaupsstaðar og hefur viðhorf bæjaryfirvalda yfir höfuð verið jákvætt í garð golfklúbbsins. Við höfum ekki tölfræði undir höndum til að bera okkur saman við aðra klúbba og önnur bæjarfélög hvað þetta varðar. Við göngum hins vegar út frá því að bærinn geri það á hverjum tíma sem hann mögulega getur til að jafna þann aðstöðumun sem golfklúbburinn býr við samanborið við önnur íþróttafélög.

Út frá stöðu klúbbsins í dag og með áframhaldandi þátttöku félagsmanna í þeim framkvæmdum sem farið verður út í er það mat stjórnar að hægt verði að koma vellinum í því sem næst endanlegt horf á næstu þremur árum. Þar telur stærst endurnýjun flata sem tilheyrir eldri hluta vallarins. Á komandi árum fer að aukast þörfin á að endurnýja vélaflotann og verður mörkuð stefna til næstu ára í þeim efnum á komandi misserum. Möguleikar til þess að fá bætt félagsaðstöðu er sífellt til skoðunar og mun stjórn og framkvæmdastjóri halda áfram þeirri vinnu og vonandi innan tveggja ára verður komin einhver mynd á framtíðarskipan hvað varðar þau mál.

Öflugt félagsstarf er mikilvægt fyrir klúbb eins og okkar og eykur það ánægju félagsmanna við ástundun íþróttarinnar. Félagsstarfið er borið uppi af félagsmönnum, áhuga og framlagi þeirra til starfsins. Stjórn GL vill sérstaklega þakka því fólki sem komið hefur að skipulagningu á félagsstarfinu, það vinnuframlag sem innt er af hendi er ómetanlegt til þess að gera félagsstarfið blómlegt og ánægjulegt. Mikið og gott starf nefnda á vegum GL og þeirra félaga sem í þeim starfa er gífurlega mikilvægt og skal það haft í hávegum í klúbbi eins og GL. Eins og tíundað hefur verið er það milljóna virði fyrir klúbb eins og okkar að hafa svo öfluga félagsmenn.

Stjórn GL vil að lokum þakka félögum, nefndarmönnum, styrktaraðilum og starfsfólki fyrir framúrskarandi aðkomu að starfinu og umfram allt gott samstarf á rekstrarárinu 2013.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Leynis
Þórður Emil Ólafsson, formaður
3. desember 2013

Skýrsla barna og unglinganefndar Leynis 2013

Starfsárið 2013 voru um 100 börn og unglingar 18 ára og yngri, strákar og stelpur þátttakendur í starfi Golfklúbbsins Leynis. Um 15 stelpur æfa golf hjá Leyni á aldrinum 6 til 15 ára og eru þær duglegar að mæta á æfingar en hafa ekki eins gaman af því að keppa í golfi.

Flestir iðkendur 15 ára og yngri æfa 2-3 sinnum á viku yfir sumartímann og 1-2 í viku yfir vetrartímann.

Breyting var gerð á félagsgjöldum barna og unglinga eftir aðalfund árið 2012. Breytingin fólst í því að afnumið var æfingargjald sem var sett á aðalfundi 2012 og því aðeins eitt gjald fyrir iðkendur.

Barna og unglingastarfið var með 1 þjálfara í starfi en Karl Ómar Karlsson var íþróttastjóri.

Helstu markmið í barna og unglingastarfi Leynis

Barna og unglinganefnd hefur kappkostað að gera starfið skemmtilegt og að það spyrjist út meðal krakka og unglinga að það sé gaman í golfi.

Langtíma markmið er að auka fjölda iðkenda barna og unglinga en enginn klúbbur getur án grasrótar verið sem börn og unglingar eru. Mikilvægt er að bjóða upp á skipulegt og markvisst starf frá því þú byrjar að leika golf, til afreksefnastarfs og síðar afreksstarfs.

Helstu leiðir að slíku langtíamarkmiðum eru m.a.:

- Vera með þjálfara sem hefur PGA menntun
- Vera með uppeldismenntaðan þjálfara með reynslu af starfi með börnum og unglingum
- Bjóða upp á skemmtilegar og fjölbreyttar æfingar
- Bjóða upp á öflugt félagsstarf s.s óvissuferðir, keppni milli liða, og mótaraðir
- Stuðningur við keppnishópa á mótaraðum GSÍ

Til að styðja við ofangreind langtíamarkmið er nauðsynlegt að gera golf að heilsársíþrótt á Akranesi. Það gerir það að verkum að menn hætta að hugsa um golf sem sumaríþrótt og fleiri krakkar og unglingar æfa golf.

Til að verða betri og að betri árangur náist verður að æfa allan ársins hring þar sem m.a.:

- Æfð er tækni og þrek markvisst allt árið um kring
- Skipulag er gert fyrir allt árið með mánaðarlegum áætlunum
- Skipulegar próf í tækni, þreki og huglægu golfi
- Golf 101 sem innifelur s.s. ýmsa fræðslu um golfþjálfun, leikskipulag, reglur og siði
- Gert er samkomulag við viðkomandi kylfing um þjálfun
- Æfingaferðir erlendis á vorin

Eins og staðan er í dag vantar okkur mun betri golfaðstöðu yfir vetrartímann en með tilkomu nýju vélaskemmunnar horfir til betri tíma í þeim efnum. Ef við ætlum að bera okkur saman við aðra golfklúbba verður aðstaðan yfir vetrartímann að vera betri. Við erum því miður langt á eftir er varðar inniaðstöðu fyrir félagsmenn. Til að mynda er engin pútt og vipp aðstaða til staðar fyrir kylfinga á Akranesi.

Íþróttaleg markmið og árangur úr starfinu árið 2013

Barna og unglingastarfið var með um 10 virka iðkendur í afreksefnastarfi klúbbsins sem nefnist TLU (Team Leynir unglingar) og eru það allt drengir og unglingar en stúlkur á vegum GL hafa ekki tekið þátt frá árinu 2008 er Valdís Þóra Jónsdóttir var þar þátttakandi.

Tóku iðkendur GL þátt í mótum á vegum GSÍ s.s. Íslandsbanka mótaröðinni, Áskorendamótaröðinni, Íslandsmóti í högggleik, Íslandsmóti í holukeppni og sveitakeppni unglunga.

Á Íslandsbanka mótaröðinni í flokki 17-18 ára unglunga þar sem tóku þátt 37 kylfingar af öllu landinu átti Leynir 1 kylfing sem endaði í topp 15.

Á Íslandsbanka mótaröðinni í flokki 15-16 ára unglunga þar sem tóku þátt 64 kylfingar af öllu landinu átti Leynir 1 kylfing sem endaði í topp 20 og 4 aðra sem enduðu í sætum 32-53.

Á Íslandsbanka mótaröðinni í flokki 14 ára og yngri drengja þar sem tóku þátt 52 kylfingar af öllu landinu átti Leynir 1 kylfing sem endaði í 19. sæti.

Einnig tóku 4 kylfingar þátt í Áskorendamótaröð 14 ára og yngri og voru 2 kylfingar GL þar í topp 10.

Á Íslandsmótinu í högggleik og holukeppni sem og í sveitakeppni unglunga var árangur okkar fólks ágætur.

Afreksefnin tóku einnig þátt í meistaramóti Leynis og fjölmenntu í flokka fulloröðinna. Afreksefnin komu, sáu og sigruðu og voru afreksefni sem sigruðu 1., 2. og 3. flokk.



Ýmis fróðleikur úr starfinu árið 2013

Vetrarstarfið í almennu starfi hófst af krafti í janúar 2012 með æfingum á Jaðarsbökkum og einnig voru afrekskylfingar með æfingar í Akraneshöll. Afreksefnin fóru í nokkrar æfingaferðir til Reykjavíkur meðan veðurfarið var þannig að ekki var hægt að stunda æfingar utandyra.

Í vor fóru afreksefnin í æfingaferð til Spánar sem gekk mjög vel og fór síðasti vetur í miklar fjáraflanir sem tókust einstaklega vel. Meðal annars voru bónaðir bílar og haldið bingó.

Þegar voraði þá hófust útiæfingar af krafti hjá öllum iðkendum og þegar skólastarfi lauk í júní var starfið komið í eðlilegan farveg með virkri þátttöku iðkenda.

Reglulega voru haldin mót fyrir börnin og spilað á Garðavelli en það er afar mikilvægt að leyfa framtíðarkyflingum sem eru að stíga sín fyrstu skref að prófa völlinn sem fullorðnir spila á.

Farinn var árleg óvissuferð með börnin og spilað á Reykholtisdalsvelli og svo sund Borgarnesi og tókst sú ferð í alla staði vel og komu börnin heim þreytt og ánægð eftir skemmtilegan dag.

Allir iðkendur innan ráða Leynis áttu kost á þátttöku í meistaramóti klúbbsins og var þátttakan með ágætum. Börnin fengu öll verðlaun og voru sigurvegarar, hver með sínum hætti. Skipulögðum æfingum barna lauk í lok september en margir spiluðu golf þangað til Garðavöllur lokaði í byrjun október.

Í lokin langar er rétt að þakka öllum þeim sem að starfinu koma, krökkunum, unglingunum og foreldrum þeirra, framkvæmdarstjóra og stjórn GL, barna- og unglinganefnd GL, fararstjórum og liðsstjórum að ógleymdum þeim fyrirtækjum sem styrkja barna- og unglingastarf GL en án þeirra stuðnings væri erfitt að halda úti öflugu starfi.

F.h. barna og unglinganefndar
Birgir Guðmundsson, formaður.

Skýrsla vallarnefndar Leynis 2013

Lítið var um stórar framkvæmdir á Garðavelli þetta árið. Vallarnefnd hafði að leiðarljósi að völlurinn var nú kominn aftur í hendur GL eftir 5 ár í höndum GR og því stigu menn varlega til jarðar í öllum fjárfrekum aðgerðum.

Sandgryfjum var lokað hægra megin á 3. og 11. flöt. Tilgangur þessa verkefnis var að verja flatirnar betur fyrir sandaustri sem var farinn að skemma þær umtalsvert. Þessi lokun á sandgryfjum tókst vel að mati vallarnefndar sem hyggst skoða í vetur hvort nauðsynlegt reynist að skoða sambærileg verkefni víðar.



Á 15. braut var vinna við stóru sandgryfjuna hægra megin við flötina kláruð, þ.e. að skipta henni upp í tvær minni sandgryfjur og tyrfa svæðið í kringum þær.

Vinna var unnin við sandgryfju á 18. flöt en þar var drenlagn lagfærð svo koma mætti í veg fyrir mikila vatnssöfnun sem þar átti til að myndast.

Síðastliðinn vetur notuðu klúbbmeðlimir nýju vélaskemmuna mikið til ýmissa verka. Félagsmenn tóku sig til og þússuðu upp alla bekki og brautarmerki, báru á og gerðu þetta allt eins og nýtt. Bjarni B. Sveinsson bar hitann og þungann af þessum verkefnum og kann vallarnefnd honum bestu þakkir fyrir.

Síðastliðið vor fyrir opnun Garðavallar voru haldnir tveir vinnudagar til að gera völinn okkar kláran fyrir sumarið og var mæting mjög góð, og mikið verk unnið á stuttum tíma.

Vatnslagnir á vellinum voru yfirfarnar af félagsmönnum þar sem skipt var um vatnskrana og sett ný brunnlok ofl.

Átak var gert í að laga 9. flötina en þar voru skorin upp grjót og klappir fjarlægðar sem stóðu upp úr flötinni og höfðu verið til lýta og gátu skemmt sláttutæki.

Áður en völlum opnaði í vor þá voru lengdir frá öllum teigum að holum vallarins yfirfarnar og GPS mældar, svo uppfæra mætti skorkort vallarins. Að sama skapi var völluminn endurmetin varðandi forgjöf brauta.

Göngustígur milli 2.brautar og yfir á 3. teig var endurnýjaður í lok sumars en hann var farinn að láta á sjá eftir mikla vætutíð í sumar.

Að loknu hefðbundnu sumarstarfi var vinna sett af stað í vallarnefnd við gerð viðhalds- og framkvæmdaáætlunar næstu 2. ára svo undirbúa megi sem best Garðavöll fyrir væntanlegt Íslandsmót 2015 sem Golfklúbbnum Leyni var úthlutað á Golfþingi GSÍ í nóvember 2013.

Vallarnefndin vill að endingu þakka öllum þeim sem komu að vinnu við völluminn okkar kærlega fyrir hjálpina.

F.h. vallarnefndar

Alfreð Þór Alfreðsson, formaður.

Skýrsla kvennanefndar Leynis 2013

Á 2013 voru 4 konur í kvennanefnd. Formaður nefndarinnar var áfram Ella María Gunnarsdóttir og meðstjórnendur þær Ellen Ólafsdóttir, Ellen Blumenstein og Þórunn Halldórsdóttir.

Fyrsti viðburður ársins var kósýkvöld Leyniskvenna sem var haldið þriðjudagskvöldið 12. mars. Góður fjöldi kvenna var samankominn í Golfskálanum og hafði það notalegt á meðan farið var yfir fyrirhugað sumarstarf. Viktor Elvar Viktorsson fór yfir ýmsa þætti í golfreglunum við mikla lukku. Að því búnu sýndu Leyniskonur golffatnað frá Adidas og Bjargi með miklum tilprifum.

Þriðjudagar voru áfram kvennagolfs dagar. Þetta sumarið spiluðu konur á Landsbankamótaröð klúbbsins á miðvikudögum en aðra þriðjudaga spiluðu konur saman á fráteknum tíma.

30. maí var Kvennamót GL haldið með Texas Scramble fyrirkomulagi þar sem Leyniskonur voru hvattar til að taka með sér vinkonu, frænku, dóttur, móður, systur eða aðra konu sem hefur áhuga á golfíþróttinni í mótið. 32 konur tóku þátt í mótinu og skemmtu sér konunglega. Það er ljóst að fjölmargar konur hafa áhuga á golfíþróttinni og það þarf að halda áfram að gera golfið aðgengilegt fyrir nýjum og áhugasömum konum. Að móti loknu borðaði hópurinn saman í skálanum.

Leynisskvísan fór nú fram fjórða sumarið í röð og voru þátttakendur 20 talsins. Sem fyrr var um að ræða holukeppni með forgjöf og var mótið spilað í fjórum riðlum yfir sumarið. Skemst er frá því að segja að Jensína Valdmarsdóttir bar sigur úr þítum og er Leynisskvísan 2013.

Að venju var Sumargleði kvenna haldin 19. júní sem að þessu sinni var á miðvikudegi. Spilaðar voru 18 holur og voru þátttakendur 18. Að móti loknu áttu konur saman góða stund í golfskála.

Opna Helena Rubenstein mótið var haldið þann 29. júní. Mótið heppnaðist mjög vel og verðlaun voru sem fyrr glæsileg, fullar snyrtitöskur af gæða snyrtivörum. Mótið er eitt af stærstu mótum GL og voru þátttakendur 96. Kvennanefnd þakkar Terma ehf. fyrir frábæran stuðning og eins þeim Leyniskonum og körlum sem komu að skipulagi og framkvæmd mótsins kærlega fyrir þeirra framlag.

Þann 13. ágúst var haldið Einnarkylfumót þar sem hver leikmaður má mæta með kylfu að eigin vali auk pútters. 22 konur tóku þátt í þessu skemmtilega en krefjandi móti og fengu sér síðan súpu og brauð saman að loknum hringnum.

Sveitakeppni kvenna fór fram í Stykkishólmi 17.-18. ágúst og spiluðu Leyniskonur í 2. deild þetta sumarið ásamt 7 öðrum sveitum. Sveit GL var skipuð þeim Valdísi Þóru Jónsdóttur, Friðmey Jónsdóttur, Elínu Dröfn Valsdóttur, Hildi Magnúsdóttur og Maríu Björg Sveinsdóttur. Sveitin sigraði 2. deildina og mun því leika í 1. deild að ári liðnu. Liðstjóri sveitarinnar var Þórunna Halldórsdóttir.



Vesturlandsmót kvenna var haldið í ágætis veðri í Stykkishólmi 31. ágúst þrátt fyrir veðurspár um fárviðri. Aðeins ein kona frá GL tók þátt í mótinu, Helga Gísladóttir, en aðrar hættu við þátttöku vegna mjög slæmrar veðurspár.

Lokamót sumarsins var haldið sunnudaginn 15. september í bandbrjáluðu veðri. Upphaflega átti mótið að vera 18 holu mót en vegna veðurs voru aðeins spilaðar 9 holur og verður að hrósa þeim gallvösku GL konum sem stóðu af sér óveðrið og kláruðu mótið. 14 konur tóku þátt og um kvöldið var haldið gott lokahóf í golfskálanum þar sem var skálað fyrir sumrinu. Verðlaunaafhending fyrir Leynisskvísuna 2013 og Lokamótið fór fram um kvöldið, og fóru flestar konur heim með einhver verðlaun og einhverjar með fangið fullt af verðlaunum.



Þátttakan í flestum viðburðum sumarsins var undir væntingum kvennanefndar. Ekki er ljóst hvort slæmt veðurfar sé einungis um að kenna en það hjálpaði að minnsta kosti ekki. Helstu markmið kvennastarfsins miða að því að styrkja og efla konur í golfi og auka kynni á meðal þeirra. Kvennanefnd leggur áherslu á að kvennastarfið sé létt og skemmtilegt og höfði til sem flestra félaga. Talsverð áhersla hefur verið lögð á að halda vel utan um póstlista félaga og að upplýsa allar konur í félaginu um þá viðburði sem í boði eru og eru Leynisskvísur nú mættar á Facebook þar sem allir ættu að geta fylgst með starfinu.

Kvennanefnd GL vill þakka öllum þeim fjölmörgu aðilum sem studdu við kvennastarfið með sjálfboðavinnu, með gjöfum eða afsláttum á verðlaunum kærlega fyrir ómetanlegan stuðning.

F.h. kvennanefndar
Ella María Gunnarsdóttir, formaður.

Skýrsla mótanefndar Leynis 2013

Þetta árið var tekin ákvörðun að fjölga í mótanefnd þar sem fyrir lá að mótahald yrði umfangsmeira í kjölfar þess að GL tók Garðavöll yfir að nýju eftir 5 ára hlé.

Í mótanefnd sátu Þórður Elíasson formaður, Eiríkur Jónsson, Einar Jónsson, Viktor Elvar Viktorsson og Ingunn Þóra Ríkharðsdóttir.

Fjöldi móta í sumar voru 47 og voru mótin vel sótt af félagsmönnum og öðrum gestum en mótin sóttu um 2350 manns. Mótahaldið var fjölbreytt blanda af innanfélagsmótum, barna- og unglingamótum, opnum mótum og mótum sem kvennanefnd sá alfarið um.

Mótahald á Garðavelli hófst með Frumherjabikarnum þann 9. maí og var þetta mót um leið opnunarmót Garðavallar sem opnaði seinna en oft áður þetta vorið sökum veðurfars.

Að venju voru haldin miðvikudagsmót fyrir félagsmenn eins og undanfarin ár og er kominn sterk hefð fyrir þeim sem sást vel í sumar því þátttaka var afar góð. Mótin eru góð leið til að halda við forgjöfinni, efla félagsandann og ekki sakar að mótagjaldi er stillt í hóf sem þakka má stuðningi fyrirtækjanna Landsbankans og HB Granda.

Meistaramótið var haldið í júlí að venju dagana 8. júlí til 13. júlí. Börn og unglingar spiluðu frá 8. júlí til 10. júlí og hófu síðan fullorðnir leik þann 10. júlí og luku leik 13. júlí. Þátttakendur voru um 120 að meðtöldum börnum og unglingum. Meistaramótið þótti takast vel og lauk því með lokahófi í golfskála fyrir börn og unglinga og sal Íþróttabandalagsins að Jaðarsbökkum þar sem klúbbmeistarar voru krýndir en Friðmey Jónsdóttir og Stefán Orri Ólafsson urðu hlutskörpust í meistaraflokki karla og kvenna (önnur úrslit má sjá í skýrslu stjórnar).

Veðurfar setti strik sitt á mótahald sumarsins en þrátt fyrir töluverða rigningatið var árangurinn af mótahaldi góður og þátttaka almennt góð.

Mótanefndin vill þakka öllum styrktaraðilum sem studdu við mótahaldið í sumar og vill koma sérstökum þökkum til eftirfarandi félaga og fyrirtækja:

- | | |
|---------------------------------|-------------|
| - VLFA (Verkalýðsfélag Akranes) | - Norðurál |
| - Guðmundur B. Hannah | - HB Grandi |
| - Samhentir/Vörumerking | - Kjaran |
| - Landsbankinn | - N1 |
| - Verslunin Bjarg | - Omnis |
| - Heildverslunin Terma | - Bílver |
| - Ölgerðin | - GrasTec |

Mótanefndin vill einng þakka félagsmönnum og öllum sem komu að mótahaldi með einum eða öðrum hætti fyrir aðstoðina.

F.h. mótanefndar
Þórður Elíasson, formaður.

Skýrsla öldunganefndar Leynis 2013

Kylfingar sem eru 55 ára eða eldri kallast öldungar en þeim fer fjölgandi og betri kylfingar eru að ná þessum aldursmörkum á næstu árum.

Eins og fyrri daginn voru engin skipulögð verkefni önnur en þátttaka í 2. deild öldungasveitakeppni GSÍ sem fram fór í Öndverðanesi þetta árið.

Farin var hópferð til æfinga á svæðið þegar val hafið varið fram. Valið var í sveitina sem skipuð var 8 kylfingum með svipuðum hætti og áður þar sem besti árangur í 5 hringjum í 7 fyrirfram ákveðnum mótum gaf 5 einstaklingum sæti. Liðsstjóri hafði síðan í hendi sér að velja 2-3 kylfinga til viðbótar en alls mega 8 kylfingar skipa sveitina. Vandinn er þó iðulega sá að einstaklingar sem hafa unnið sér þátttökurétt geta ekki gefið kost á sér af ýmsum ástæðum.

Á endanum skipuðu sveitina þeir Björn Þórhallsson, Haukur Þórisson, Jón Einarsson, Jón E. Pétursson, Sigurður G. Davíðsson, Steinn Helgason, Valentínus Ólason og Þórður Elíasson sem var liðsstjóri. Sveitin stóð sig frábærlega og lenti í 3. sæti deildarinnar.



Umræða er innan raða öldunga sem keppa á GSÍ mótum um að breyta reglum um leikskipulag í sveitakeppnum og mun það skýrast vonandi fyrir keppni næsta árs.

Gráa mótaröðin var spiluð samhliða miðvikudagsmótum til fjáröflunar fyrir sveitakeppni öldunga og var þátttaka ágæt.

F.h. öldunganefndar
Reynir Þorsteinsson, formaður.

Skýrsla forgjafarnefndar Leynis 2013

Á vormánuðum ársins var forgjöf þeirra félagsmanna GL sem skiluðu fjórum eða fleiri gildum hringjum sumarið 2012 endurskoðuð. Endurskoðunin er í samræmi við reglu 26.1 í EGA forgjafarkerfinu og var þetta í fimmta sinn sem endurskoðunin er framkvæmd. Endurskoðuninni er ætlað að tryggja að hver félagsmaður hafi sem réttasta forgjöf og hún sé í samræmi við þá hringi sem hann hefur skilað inn.

Endurskoðunin mælti með óbreyttri forgjöf hjá lang flestum meðlimum GL. Hins vegar var lagt til að forgjöf 11 meðlima yrði hækkuð, mest um 2 heila og minnst um 1. Þá var lagt til að forgjöf 27 meðlima GL yrði lækkuð, mest um 2 heila en minnst um 1. Er fjöldi breytinga örlítið hærri en verið hefur síðustu ár en um minni breytingar að ræða hjá hverjum og einum. Þegar núverandi kerfi var tekið upp var sú ákvörðun tekin innan forgjafarnefndar að láta endurmatið gilda að öllu leyti nema í alveg sérstök tilvikum.

Þá hefur forgjafarnefnd einnig það hlutverk að skoða sérstaklega hvert og eitt tilvik, sé eftir því óskað af klúbbmeðlimum. Á árinu 2013 barst forgjafarnefnd ósk frá tveimur meðlimum GL um hækkun á forgjöf sinni. Með beiðnunum fylgdu yfirlit yfir þrjá hringi sem kylfingarnir höfðu spilað í upphafi sumars. Forgjafarnefnd varð við beiðni annars kylfingsins og hækkaði forgjöf hans lítillega. Ákveðið var að bíða með að hækka forgjöf hins og sjá hvað kæmi út úr árlegri endurskoðun vorsins 2014.

Fyllsta meðalhófs er gætt í framangreindum tilvikum og forgjöf kylfinga ekki breytt nema góð rök liggi þar að baki.

F.h. forgjafarnefndar
Stefán Orri Ólafsson




Ársreikningur fyrir starfsárið 2013

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir starfsárið 1. nóvember 2012 til 31. október 2013 með undirritun sinni.


Akranesi, 29. nóvember 2013




Þórður Emil Ólafsson
Formaður Leynis




Hannes Marinó Ellertsson, gjaldkeri



Tryggvi Bjarnason, ritari




Eiríkur Jónsson, meðstjórnandi



Hörður Kári Jóhannesson, meðstjórnandi




Elfa María Gunnarsdóttir, varamaður




Guðmundur Sigvaldason, framkv.stjóri

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, höfum gert dreifikönnun á fylgiskjölum í bókhaldi golfklúbbsins fyrir rekstrarárið 2013 og borið saman við bókhaldsbækur, sem reyndust réttar. Teljum við ársreikninginn gefa glögga mynd af rekstri golfklúbbsins.



Andrés Ólafsson
Kjörinn skoðunarmaður



Elías H. Ólafsson
Kjörinn skoðunarmaður

Akranesi þann 28/11 '13

REKSTRARREIKNINGUR

01.11.2012 - 31.10.2013

					% hlutfall	% hlutfall
		Rekstur	Rekstraráætl.	Rekstur	áætl./rekst. Rekstur	milli 2012
	Skýr.	2013	2013	2012	2012	og 2013
REKSTRARTEKJUR						
Félagsgjöld		14.615.354,00	16.643.602,00	15.554.768,00	-12%	-6%
Tekjur af golfmótum	1	11.141.536,00	10.000.000,00	5.020.800,00	11%	122%
Barna- og unglingastarf	4	3.060.734,00	2.000.000,00	2.944.487,00	53%	4%
Framlög og styrkir	5	10.873.760,00	16.168.309,00	8.780.775,00	-33%	24%
Tekjur af golfskála	3	11.221.467,00	6.600.000,00	0,00	70%	0%
Tekjur af velli	2	14.999.339,00	1.800.000,00	0,00	733%	0%
Samningur við GR	6	800.000,00	0,00	3.600.000,00	0%	100%
REKSTRARTEKJUR ALLS		66.712.190,00	53.211.911,00	35.900.830,00	25%	86%
REKSTRARGJÖLD						
Stjórnun & rekstur skrifstofu	7	8.695.616,00	9.040.000,00	5.883.789,00	-4%	48%
Sameiginlegur kostnaður	8	2.068.549,00	2.780.000,00	2.338.718,00	-26%	-12%
Rekstur Garðavallar	9	17.421.496,00	28.186.000,00	1.871.819,00	-38%	831%
Rekstur & viðhald fasteigna	10	2.320.162,00	2.350.000,00	1.276.324,00	-1%	82%
Rekstur golfskála	11	11.200.279,00	0,00	0,00	0%	0%
Barna- og unglingastarf	12	2.870.785,00	4.500.000,00	5.126.030,00	-36%	-44%
Keppnissveitir og afrekskostn.	13	1.197.592,00	1.350.000,00	1.387.260,00	-11%	-14%
Kostnaður af golfmótum	14	5.681.436,00	2.000.000,00	2.164.541,00	184%	162%
REKSTRARGJÖLD ALLS		51.455.915,00	50.206.000,00	20.048.481,00	2%	157%
REKSTRARHAGNAÐUR (TAP)	30%	15.256.275,00	3.005.911,00	15.852.349,00	408%	-4%
FYRNINGAR		-10.773.711,00	-2.000.000,00	-2.444.719,00	439%	341%
HAGNAÐUR FYRIR FJÁRMUNATEKJUR OG -GJÖLD		4.482.564,00	1.005.911,00	13.407.630,00	346%	-67%
FJÁRMUNATEKJUR OG -GJÖLD						
Vaxtatekjur & verðbætur		149.972,00	0,00	588.168,00	0%	-75%
Vaxtagjöld	15	-1.649.761,00	-1.000.000,00	-1.554.999,00	65%	6%
FJÁRMAGNSLIÐIR ALLS		-1.499.789,00	-1.000.000,00	-966.831,00	50%	55%
HAGNAÐUR / (TAP) ÁRSINS		2.982.775,00	5.911,00	12.440.799,00		-76%

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2013

EIGNIR

		Breyting í % milli 2012 og 2013		
	Skýr.	31.10.2013	31.10.2012	
FASTAFJÁRMUNIR				
Varanlegir rekstrarfjármunir				
Mannvirki		60.280.436,00	59.111.619,00	2%
.- Hlutur Akraneskaupstaðar í skemmu		-28.000.000,00	-20.000.000,00	40%
.- Byggingastyrkir v. skemmu		-820.279,00	0,00	0%
Golfvöllur		62.229.690,00	71.179.690,00	-13%
Vélar og búnaður		3.928.213,00	4.539.594,00	-13%
Samtals varanlegir rekstrarfjármunir		97.618.060,00	114.830.901,00	-15%
SAMTALS FASTAFJÁRMUNIR				
		97.618.060,00	114.830.901,00	-15%
VELTUFJÁRMUNIR				
Skammtímakröfur				
Vörubirgðir		186.429,00	0,00	
Kortaviðskipti og samningar		658.238,00	253.998,00	159%
Viðskiptakröfur		1.992.631,00	854.050,00	133%
Samtals skammtímakröfur		2.837.298,00	1.108.048,00	156%
Handbært fé				
Sjóður		0,00	0,00	
Hlaupareikningur LÍ		5.961.998,00	150.506,00	3861%
Vaxtareikningur LÍ		10.020.231,00	0,00	
Sparireikningur LÍ		85.607,00	753,00	11269%
LÍ veltureikn. 601		326,00	3,00	10767%
Samtals handbært fé		16.068.162,00	151.262,00	10523%
SAMTALS VELTUFJÁRMUNIR		18.905.460,00	1.259.310,00	1401%
SAMTALS EIGNIR		116.523.520,00	116.090.211,00	0%

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2013

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

				Breyting í %
				milli 2012 og
	Skýr.	31.10.2013	31.10.2012	2013
EIGIÐ FÉ				
Yfirfært frá fyrri árum		95.690.579,00	83.249.780,00	15%
Hagn / -Tap á reikningsárinu		2.982.775,00	12.440.799,00	-76%
Samtals eigið fé		98.673.354,00	95.690.579,00	3%
SKULDIR				
Langtímaskuldir				
Landsbanki Íslands lán		15.167.654,00	19.124.433,00	-21%
Næsta árs afborgun		-3.956.780,00	-3.634.351,00	9%
Samtals langtímaskuldir		11.210.874,00	15.490.082,00	-28%
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir		1.102.618,00	1.208.132,00	-9%
Ógreidd laun og launatengd gjöld		887.408,00	0,00	0%
Ógreiddur virðisaukaskattur		641.018,00	0,00	0%
Áfallnir vextir langtímalána		51.468,00	67.067,00	-23%
Næsta árs afborgun langtímalána		3.956.780,00	3.634.351,00	9%
Samtals skammtímaskuldir		6.639.292,00	4.909.550,00	35%
SAMTALS SKULDIR		17.850.166,00	20.399.632,00	-12%
SAMTALS SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		116.523.520,00	116.090.211,00	0%

Sundurliðun með rekstrar- og efnahagsreikningi 2013

	Rekstur 2013	Rekstur 2012	% hlutfall milli 2012 og 2013
NR. 1 Tekjur af mótum			
Innanfélagsmót	2.276.000,00	3.064.100,00	-26%
Opin mót	5.209.000,00	0,00	0%
Styrkir v. golfmóta	3.656.536,00	1.120.000,00	226%
Afreksstarf fyrirtækjamót GL	0,00	456.000,00	-100%
Kvennanefnd tekjur af golfmótum	0,00	380.700,00	-100%
Samtals	11.141.536,00	5.020.800,00	122%
NR. 2 Tekjur af golfvelli			
Vallargjöld	11.625.439,00	0,00	0%
Leiga golfbíla og kerra	913.750,00	0,00	0%
Tekjur af boltavél	744.450,00	0,00	0%
Útleiga slátturvéla	1.715.700,00	0,00	0%
	14.999.339,00	0,00	0%
NR. 3 Tekjur af golfskála			
Vörusala	10.946.037,00	0,00	0%
Útleiga	198.500,00	0,00	0%
Aðrar tekjur	76.930,00	0,00	0%
	11.221.467,00	0,00	0%
NR. 4 Barna- og unglingastarf			
Styrkir v.unglingastarfs	1.458.688,00	1.559.647,00	-6%
Félagsgjöld	1.593.194,00	622.497,00	156%
Tekjur af styrktarmótum ungl.st.	0,00	513.000,00	-100%
Fjáröflun - ýmislegt	0,00	242.722,00	-100%
Getraunaáheiti til unglingast. 1X2	8.852,00	6.621,00	34%
Samtals	3.060.734,00	2.944.487,00	4%
NR. 5 Framlög & styrkir			
Akraneskaupst.-rekstrarst.	8.367.955,00	7.779.341,00	8%
Fyrirtækjastyrkir	0,00	400.000,00	-100%
Önnur framlög & styrkir	2.505.805,00	601.434,00	
Samtals	10.873.760,00	8.780.775,00	24%
NR. 6 Samningur við GR			
Vinna við nýframkvæmdir á velli	800.000,00	3.600.000,00	-78%
	800.000,00	3.600.000,00	-78%
Nr. 7 Stjórnun & rekstur skrifstofu			
Laun og launat.gjöld	8.019.744,00	4.999.919,00	60%
Síma- og internetkostnaður	413.333,00	358.144,00	15%
Póstburðargjöld	0,00	48.318,00	-100%
Skrifstofubúnaður	108.993,00	168.961,00	-35%

Ritföng, pappír og prentun	42.732,00	67.133,00	-36%
Leiga á bókhaldskerfi	0,00	104.436,00	-100%
Annar skrifstofukostnaður	110.814,00	136.878,00	-19%
Samtals	8.695.616,00	5.883.789,00	48%

Sundurliðun með rekstrar- og efnahagsreikningi 2013

	Rekstur 2013	Rekstur 2012	% hlutfall milli 2012 og 2013
Nr. 8 Sameiginlegur kostnaður			
Félagsskattur GSÍ	1.274.800,00	1.316.000,00	-3%
Ferða- & fundarkostnaður	55.252,00	354.352,00	-84%
Gjafir & viðurkenningar	0,00	75.734,00	-100%
Kostnaður v. félagskort	133.560,00	119.476,00	12%
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	238.624,00	50.200,00	375%
Vinavallasamningar	0,00	180.000,00	-100%
Annar sameiginlegur kostnaður	366.313,00	242.956,00	51%
Samtals	2.068.549,00	2.338.718,00	-12%
Nr. 9 Rekstur golfvallar			
Tryggingar og skattar	60.201,00	68.524,00	-12%
Aðkeypt þjónusta v.vallarviðhalds	3.391.903,00	920.406,00	269%
Laun og launatengd gjöld	8.143.756,00	0,00	0%
Viðhald tækja og áhalda	2.951.046,00	0,00	0%
Tækjaleiga	756.868,00	0,00	0%
Bensín og olíur	1.818.777,00	0,00	0%
Rekstur æfingaaðstöðu	0,00	157.371,00	-100%
Ýmsar framkvæmdir á velli gjaldf.	0,00	725.518,00	0%
Annar kostnaður	298.945,00	0,00	0%
Samtals	17.421.496,00	1.871.819,00	831%
Nr. 10 Rekstur og viðhald fasteigna			
Viðhald fasteigna	88.905,00	164.508,00	-46%
Ýmis rekstrarkostnaður	610.276,00	98.037,00	522%
Fasteignagjöld	1.242.143,00	949.657,00	31%
Tryggingar fasteigna	378.838,00	64.122,00	491%
Samtals	2.320.162,00	1.276.324,00	82%
Nr. 11 Rekstur skála			
Vörunotkun	4.889.152,00	0,00	0%
Laun og launatengd gjöld	4.935.742,00	0,00	0%
Annar starfsmannakostnaður	30.245,00	0,00	0%
Þjónustugjöld	172.848,00	0,00	0%
Rekstur húsnæðis	330.661,00	0,00	0%
Tækjakostnaður	388.288,00	0,00	0%
Gjaldf. stofnkostnaður	345.095,00	0,00	0%
Annar kostnaður	108.248,00	0,00	0%
	11.200.279,00	0,00	0%
Nr. 12 Barna- og unglingastarf			
Golfþjálfun - laun og launat.gjöld	1.722.000,00	3.585.490,00	-52%
Önnur golfþjálfun/æfingaboltar	0,00	250.200,00	-100%
Afreksstyrkir	97.000,00	0,00	0%

Sveitakeppni unglunga	501.645,00	316.883,00	58%
Keppniskostn. v. unglingamóta	212.448,00	257.684,00	-18%
Annar kostn. v. unglingastarfs	337.692,00	715.773,00	-53%
Samtals	2.870.785,00	5.126.030,00	-44%

Sundurliðun með rekstrar- og efnahagsreikningi 2013

	Rekstur 2013	Rekstur 2012	% hlutfall milli 2012 og 2013
Nr. 13 Keppnissveitir og afrekskostn.			
Sveitakeppni karla	555.747,00	431.997,00	29%
Sveitakeppni kvenna	178.045,00	178.568,00	0%
Sveitakeppni öldunga	313.800,00	176.000,00	78%
Afreksstyrkir	150.000,00	480.771,00	-69%
Afreksstarf - kostn.v.mótahalds ofl.	0,00	119.924,00	-100%
Samtals	1.197.592,00	1.387.260,00	-14%
Nr. 14 Kostnaður af golfmótum			
Verðlaun	3.366.337,00	1.193.248,00	182%
Auglýsingar	0,00	118.710,00	-100%
Endurgr. v. styrktarmóts	1.526.500,00	0,00	0%
Kvennanefnd - mótakostnaður ofl.	0,00	70.800,00	-100%
Annar kostnaður af mótum	788.599,00	781.783,00	1%
Samtals	5.681.436,00	2.164.541,00	162%
Nr. 15 Vaxtagjöld og verðbætur			
Dráttarvextir	0,00	3.099,00	0%
Þóknun v. banka og greiðslukorta	387.552,00	265.662,00	46%
Vextir langtímalána	1.262.209,00	1.168.607,00	8%
Fjármagnstekjuskattur	0,00	117.631,00	-100%
Samtals	1.649.761,00	1.554.999,00	6%

SJÓÐSSTREYMI

01.11.2012 - 31.10.2013

Rekstrarhreyfingar	Árið 2013	Árið 2012
Hagnaður (tap) ársins	2.982.775,00	12.440.799,00
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		
Afskriftir	10.773.711,00	2.444.719,00
Veltufé frá rekstri	13.756.486,00	14.885.518,00
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	-186.429,00	
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	-1.542.821,00	-407.998,00
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	1.407.312,00	177.289,00
Handbært fé frá rekstri	-321.938,00	-230.709,00
Fjárfestingarhreyfingar		
Eignfærðar framkvæmdir vélaskemmu	-2.381.147,00	-29.006.099,00
Fjárfestingarhreyfingar	-2.381.147,00	-29.006.099,00
Fjármögnunarhreyfingar		
Byggingaframlag frá Akraneskaupstað	8.000.000,00	0
Byggingaframlag fyrirtækja	820.279,00	0
Afborganir langtímaskulda	-3.956.779,00	-4.003.251,00
Fjármögnunarhreyfingar	4.863.500,00	-4.003.251,00
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	15.916.900,00	-18.354.541,00
Handbært fé í upphafi árs	151.262,00	18.505.803,00
Handbært fé í lok árs	16.068.162,00	151.262,00



Rekstraráætlun 2014

REKSTRARÁÆTLUN

01.11.2013 - 31.10.2014

	Skýr.	Áætlun 2014	Rekstur 2013	Rekstur 2012
REKSTRARTEKJUR				
Félagsgjöld		15.100.000,00	14.615.354,00	15.554.768,00
Tekjur af golfmótum	1	11.175.000,00	11.141.536,00	5.020.800,00
Barna- og unglingastarf	4	3.200.000,00	3.060.734,00	2.944.487,00
Framlög og styrkir	5	11.500.000,00	10.873.760,00	8.780.775,00
Tekjur af golfskála	3	12.200.000,00	11.221.467,00	
Tekjur af velli	2	15.800.000,00	14.999.339,00	
Samningur við GR	6		800.000,00	3.600.000,00
REKSTRARTEKJUR ALLS		68.975.000,00	66.712.190,00	35.900.830,00
REKSTRARGJÖLD				
Stjórnun & rekstur skrifstofu	7	15.450.000,00	8.695.616,00	5.883.789,00
Sameiginlegur kostnaður	8	2.800.000,00	2.068.549,00	2.338.718,00
Rekstur Garðavallar	9	24.000.000,00	17.421.496,00	1.871.819,00
Rekstur & viðhald fasteigna	10	2.800.000,00	2.320.162,00	1.276.324,00
Rekstur golfskála	11	11.800.000,00	11.200.279,00	
Barna- og unglingastarf	12	3.200.000,00	2.870.785,00	5.126.030,00
Keppnissveitir og afrekskostn.	13	900.000,00	1.197.592,00	1.387.260,00
Kostnaður af golfmótum	14	4.600.000,00	5.681.436,00	2.164.541,00
REKSTRARGJÖLD ALLS		65.550.000,00	51.455.915,00	20.048.481,00
REKSTRARHAGNAÐUR (TAP)		3.425.000,00	15.256.275,00	15.852.349,00
FYRNINGAR		-1.800.000,00	-10.773.711,00	-2.444.719,00
HAGNAÐUR FYRIR FJÁRMUNATEKJUR OG - GJÖLD		1.625.000,00	4.482.564,00	13.407.630,00
FJÁRMUNATEKJUR OG -GJÖLD				
Vaxtatekjur & verðbætur			149.972,00	588.168,00
Vaxtagjöld	15		-1.649.761,00	-1.554.999,00
FJÁRMAGNSLIÐIR ALLS		-1.000.000,00	-1.499.789,00	-966.831,00
ÓREGLULEGIR LIÐIR.				
HAGNAÐUR / (TAP) ÁRSINS		625.000,00	2.982.775,00	12.440.799,00

SJÓÐSSTREYMISSÁÆTLUN

01.11.2013 - 31.10.2014

Rekstrarhreyfingar	Áætlun 2014	Árið 2013	Árið 2012
Hagnaður (tap) ársins	625.000,00	2.982.775,00	12.440.799,00
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	1.800.000,00	10.773.710,93	2.444.719,00
Veltufé frá rekstri	2.425.000,00	13.756.485,93	14.885.518,00
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	-150.000,00	-186.429,00	
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	-1.000.000,00	-1.542.821,00	-407.998,00
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	1.500.000,00	1.407.312,00	177.289,00
Handbært fé frá rekstri	350.000,00	-321.938,00	-230.709,00
Fjárfestingarhreyfingar			
Eignfærðar framkvæmdir Garðavelli	-4.000.000,00		
Eignfærðar framkvæmdir vélaskemmu	-4.000.000,00	-2.381.147,00	-29.006.099,00
Fjárfestingarhreyfingar	-8.000.000,00	-2.381.147,00	-29.006.099,00
Fjármögnunarhreyfingar			
Byggingaframlag frá Akraneskaupstað	8.000.000,00	8.000.000,00	0,00
Byggingaframlag fyrirtækja	500.000,00	820.279,00	0,00
Afborganir langtímaskulda	-4.000.000,00	-3.956.779,00	-4.003.251,00
Fjármögnunarhreyfingar	4.500.000,00	4.863.500,00	-4.003.251,00
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	-725.001,00	15.916.900,00	-18.354.541,00
Handbært fé í upphafi árs	16.068.162,00	151.262,00	18.505.803,00
Handbært fé í lok árs	15.343.161,00	16.068.162,00	151.262,00



Golfklúbburinn Leynir
Grímsholt, 300 Akranes
Sími: 431 2711 – Vefpóstur: leynir@leynir.is
www.leynir.is